

**2. fundur fjallskilanevndar haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,
föstudaginn 17. september 2010 og hófst hann kl. 15:00**

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB), Marion Worthman (MW), Lilja Magnúsdóttir (LM),
Símon Viggósson (SV), Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS),

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, oddviti

Dagskrá:

1. 1009067 - Kjör formanns

Oddviti bauð fjallskilanevnd velkomna til starfa og kom með þá tillögu að Lilja Magnúsdóttir yrði formaður nefndarinnar. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

2. 1009068 - Kynning á lögum og reglum um fjallskil

Með fundarboði fylgdu lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr.6/1986, fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Barðastrandasýslu nr. 239/1982 og skýrsla milliþinganevndar búnaðarþings um fjallskil dags. 16.feb.2009. Formaður bað nefndarmenn að kynna sér þessi gögn sem nefndinni ber að starfa eftir. Lagt fram til kynningar.

3. 1009069 - Staða málaflokksins hjá sveitarfélaginu og vinnan framundan

Formaður fór yfir þá vinnu sem framundan er með tilliti til stöðu mála hjá sveitarfélaginu í málaflokknum. Sveitarfélagið á aðild að nefnd sem skipuð var af sveitarfélögum og Búnaðarsambandi Vestfjarða um sameiginlega reglugerð um fjallskil.

Framkvæma þarf fjallskil þetta haustið og semja þarf við landeigendur um framkvæmd smalamennsku, sem sveitarfélaginu er skylt að framkvæma á hverju hausti. Formaður leggur til að smölun verði í samstarfi við landbúnaðarnefnd Vesturbyggðar. Smíða þarf rétt á tveim stöðum og finna þarf staðsetningu þeirra og ná samningum við þá landeigendur þar sem best þykir að setja þær niður.

Formaður leggur til næstu skref, landeigendur í Tálknafjarðahreppi verði boðaðir til fundar við nefndina og upplýstir um stöðu mála. Þá verði fjáreigendum í Vesturbyggð sent bréf þar sem þeim er tilkynnt um fyrirhugaða smalamennsku í Tálknafirði í haust. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:05
